

Samkomulag um framlengingu á samningi

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 og _____(verksali), kt. _____ gera með sér svofellt samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að _____, dags. _____, sbr. síðari breytingar (þar sem við á).

Með samkomulagi þessu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 31. mars 2025.

Við gildistöku samkomulags þessa er:

- Einingarverð, sbr. 3. mgr. 8. gr. samningsins, er kr. 144,43 á verðlagi ársins 2022.
- RUG 2022 greiðslustuðull heimilisins, sbr. 4. mgr. 6. gr. samningsins er _____ frá og með 1. apríl 2022.
- Eftirfarandi rýmaheimildir, sbr. 3. mgr. 6 gr. samningsins: (mismunandi eftir verksölum)

Frá og með 1. september 2022 verður sundurliðaður fjöldi skammtímarýma og almennra hjúkrunarrýma. Byggir fjöldi skammtímarýma á tillögum er samstarfsnefnd leggur sameiginlega fram, sbr. 13. gr. samningsins.

Tímabundið viðbótarsmæðarálag árin 2020 og 2021 mun gilda árið 2022.

Samhliða eru eftirfarandi breytingar gerðar á samningnum:

Gjaldskrárskýring gjaldaliðar nr. 3.00, sbr. 8. gr. samningsins orðist svo:

Gjaldliður nr. 3.00. Hjúkrunarþjónusta (RUG 1,00) í hjúkrunarrými er sólarhringsþjónusta og þóknun fyrir hana er greidd fyrir þá daga (fjölda náttu) sem sjúkratryggður nýtur hennar. Þóknunin kemur til viðbótar greiðslum skv. gjaldlið 1.00 og 2.00. Gjald í gjaldskrá miðast við hjúkrunarþyngdarstuðulinn RUG 1.00. Gjaldið sem greitt er ákvarðast af hjúkrunarþyngdarstuðli hjúkrunarheimilisins, með tveimur aukastöfum (vegið meðaltal hjúkrunarþyngdar íbúa hjúkrunarheimilisins samkvæmt *interRAI* mati). Hjúkrunarþyngdarstuðull er endurreiknaður fyrir hjúkrunarheimilið einu sinni á ári, þann 1. október, og tekur til síðustu þriggja *interRAI* mats tímabila, og (vægi umræddra tímabila er vegið jafnt). Gildistaka nýs hjúkrunarþyngdarstuðuls er 1. janúar ár hvert að teknu tilliti til fjárveitinga til greiðslna vegna hjúkrunarþyngdar á fjárlögum hvers árs.

Lokamálsgrein 8. gr. orðist svo:

Við andlát íbúa skal greiða fullt daggjald vegna hans í sjö daga þegar um varanlega dvöl er að ræða og í tvo daga þegar um hvíldardvöl er að ræða. Þegar íbúi flytur heimili sitt annað eftir fasta heimilisdvöl skal greiða fullt daggjald vegna hans í sjö daga. Hafi rekstraraðili verið með frádrátt vegna ofnýtingar á hjúkrunarrýmum í ársuppgjöri (meira en 100% nýting rýma) verður ekki frádráttur vegna þeirra tilfella þar sem ekki líða 7 dagar frá andláti/flutningi íbúa sem var í varanlegu hjúkrunarrými þangað til annar einstaklingur flytur á heimilið (í viðkomandi rými),

enda hafi verið send inn gögn til SÍ því til staðfestingar. Gögn skulu berast SÍ í upphafi árs vegna undangengins árs.

Krafa nr. 43 í kröfulýsingu fyrir hjúkrunar- og dvalarrými, útg. III september 2016 og er fylgiskjal nr. II með samningnum breytist og orðist svo:

Sólarhringsþjónusta. Rekstraraðili skal veita íbúa hjúkrun og aðhlynningu allan sólarhringinn alla daga ársins og skal hjúkrunarfræðingur vera ábyrgur fyrir hverri vakt. Þannig skal vera hægt að veita inngrip á borð við vökva- og lyfjagjöf í æð, næringu um magasondu.

3. mgr. 21. gr. samningsins orðist svo:

Samningnum má segja upp í heild sinni, með fjögurra (4) mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, þó ekki fyrr en átta (8) mánuðum frá gildistöku samkomulags þessa, sbr. þó 20. gr. samningsins um verklokaáætlun. Einstökum rýmum má segja upp með fjögurra (4) mánaða fyrirvara. Uppsögn skal tilkynna skriflega.

Fylgiskjal VI með samningnum:

Uppfært fylgiskjal VI gildir frá og með 1. apríl 2022 og er fylgiskjal I með samkomulagi þessu.

Ofangreindar breytingar gilda frá og með 1. apríl 2022. Að öðru leyti gilda skilmálar samningsins.

Samkomulag sem vísað er til í 13. gr. samningsins er dagsett 24. mars 2022.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

Reykjavík, ____ . mars 2022

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti.

Bókun 1:

Við undirbúning fjárlaga hvers árs munu Sjúkratryggingar Íslands upplýsa heilbrigðisráðuneytið og samstarfsnefnd, um breytingar á hjúkrunarþyngdarmælingum (RUG stuðull). Sýni mælingar aukna þörf fyrir fjármagn vegna þessa, munu SÍ koma upplýsingum um áætlaða fjárþörf á framfæri við heilbrigðisráðuneytið.

Komi til þess að niðurstaða RUG stuðuls beri með sér kostnað umfram fjárveitingu vegna hjúkrunarþyngdar samkvæmt fjárlögum skal aðlaga greiðslur vegna hans (skala niður) að fjárveitingunni jafnt hjá öllum rekstraraðilum hjúkrunarheimila sem fá greitt samkvæmt gjaldið 3.00, sbr. 8. gr. samningsins. Þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu

er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

Bókun 2:

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að gætt sé að rekstrarhæfi smærri hjúkrunarheimila. Komi í ljós við undirbúning fjárlaga hvers árs að viðbótarsmæðarálag eða ígildi þess verði ekki tryggt á komandi ári, verður samstarfsnefnd upplýst um það. Verði niðurstaða fjárlaga að viðbótarsmæðarálagi er ekki til að dreifa, þá geta viðkomandi hjúkrunarheimili lagt fram tillögur til samstarfsnefndar um hvaða kröfum í kröfulýsingu verði veittar undanþágur frá, eða mögulegar leiðir ef niðurskurður á þjónustu/kröfum í kröfulýsingu er ekki mögulegur. Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. taka SÍ ákvörðun um hvort undanþága sé veitt frá kröfulýsingu.

Bókun 3:

SÍ hafa sjóð að fjárhæð kr. 66.600.000,- sem einstök hjúkrunarheimili geta sótt um kostnaðarþátttöku úr vegna sérlega kostnaðarsamrar heilbrigðisþjónustu við einstaka íbúa, sbr. fylgiskjal VI.

Bókun 4:

Samkvæmt fjárlögum ársins 2022 eru ætlaðar 361,8 m.kr. til að koma til móts við aukna hjúkrunarþyngd hjá samningsbundnum hjúkrunarheimilum (fjárlagaliður 08-403-101). Fjárhæðin greiðist til hjúkrunarheimila með eftirfarandi aðferð í þremur skrefum:

1. Samkvæmt RUG greiðslustuðli 2022 með 2% þaki. Gildir fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars 2022.
2. Afnema 2% þak á RUG hjúkrunarþyngdarstuðli 2022 frá og með 1. apríl 2022.
3. Samstarfsnefnd leggur fram tillögu um með hvaða hætti eftirstöðvar fjárhæðarinnar að teknu tilliti til skrefa 1 og 2 mun verða ráðstafað á árinu 2022. Samstarfsnefndin mun horfa til niðurstaðna hjúkrunarþyngdarmælinga, tímabilsins nóvember 2021 - febrúar 2022, ásamt áhrifa breytingareglugerðar nr. 910/2021 á reglugerð nr. 466/2012 um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma.

Tímabil	
A	júní, júlí, ágúst, september, október
B	nóvember, desember, janúar, febrúar
C	mars, apríl, maí

Bókun SÍ:

Í ljósi upplýsinga sem fram hafa komið frá forsvarsaðilum hjúkrunarheimila um að reglugerð nr. 910/2021, um breytingu á reglugerð nr. 466/2012, um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma, takmarki möguleika hjúkrunarheimila til að stýra heildarhjúkrunarþyngd þeirra, þá hvetja SÍ SFV og Sambandið til að eiga samtal við heilbrigðisráðuneytið varðandi áhrif reglugerðarbreytingarinnar á rekstur hjúkrunarheimila.

Kostnaðarútlagasjóður – reglur um úthlutun

Hjúkrunarheimili geta sótt um greiðslur úr kostnaðarútlagasjóði samkvæmt því sem fram kemur í fylgiskjali þessu. Úthlutun úr sjóðnum er einu sinni á ári. Verði samanlögð fjárhæð umsókna hærri en það sem til ráðstöfunar er úr sjóðnum verður úthlutun með þeim hætti að liður A gengur fyrir, síðan B, þá C og loks D liður. Innan liða er forgangsraðað með þeim hætti að fyrstan forgang fær fyrsta atriðið og svo koll af kolli. Ef umsóknir innan síðasta liðar sem kemur til afgreiðslu eru umfram þá upphæð sem eftir er til úthlutunar úr sjóðnum, verður úthlutað hlutfallslega.

Kostnaðarútlagi skilgreining: Þegar kostnaður, fyrir tiltekinn íbúa hjúkrunarheimilis, sem þarfnast sérhæfðrar og óvenju kostnaðarsamrar heilbrigðisþjónustu, sjúkraflugs og/eða lyfjameðferðar, borið saman við þjónustu við aðra íbúa.

Kostnaður vegna hvers og eins einstaklings tekur til eftirfarandi (raðað eftir vægi):

A. Einstaklingsbundnar sérstakar aðstæður

Komi til þess að þörf sé á sérstökum búnaði eða auka mönnun, til lengri tíma vegna umönnunar tiltekins íbúa. Hér er átt við einstaklinga sem eru sem eru t.d. bundnir öndunarvél (m. tracheostómíu), hafa þörf á mikilli umönnun vegna lömunar eða mænuskaða.

Hægt að sækja sérstaklega um greiðslur um ofangreint úr kostnaðarútlagasjóði. Liggja þarf til grundvallar kostnaðaráætlun í upphafi. Umsókn skal taka til afgreiðslu innan 5 virkra daga frá því kostnaðaráætlun barst SÍ. Þá er hægt að endurskoða kostnaðaráætlun ef ástand eða aðstæður breytast.

B. Sjúkraflug

Tekið er tillit til 80% af reikningi vegna sjúkraflugs.

C. Ýmis þjónusta (raðað eftir vægi)

- 1) Uppsafnað vegna lyfseðilsskyldra lyfja sem almennt eru með greiðsluþátttöku hins opinbera. Umsókninni þarf að fylgja staðfesting á heildarkostnaði allra lyfseðilsskyldra lyfja yfir árið.
- 2) Tímabundin tilvik m.a. vegna aukinnar gæslu eða annarra sérstakra aðstæðna vegna breytinga á heilsufari. Miðað er við tilvik þegar ástand hefur varað samfelld í viku eða lengur.
- 3) Sondunæring. Miðað skal við frádrátt á fæðiskostnaði vegna kostnaðar við sondunæringu og fylgihluti. Frádrátturinn skal nema 45% af kostnaði við sondunæringu ásamt fylgihlutum.
Dæmi: Ef mánaðarlegur reikningur vegna sondunæringar ásamt fylgihlutum er 120 þús. kr. skal draga frá 54 þús. (45%) kr. vegna fæðiskostnaðar sem ekki fellur til.
- 4) Uppsafnað vegna blóðgjafa.
- 5) Uppsafnað vegna sárasogsmeðferðar/sérhæfðar sáraumbúðir vegna langvinnra sára.
- 6) Koma án innlagnar á sjúkrahús eða læknastofu.
- 7) Uppsafnað vegna talþjálfunar.

Tekið er tillit til kostnaðar vegna einstaklings, umfram kr. 300.000,- á almanaksári. Ekki er heimilt að leggja saman kostnað vegna ofangreindra liða.

D. Vangoldin kostnaðarhlutdeild íbúa við andlát og/eða búskipti t.d. gjaldþrots

Sækja má um í útlagasjóð vegna afskrifta sem til koma þegar ekki tekst að innheimta kostnaðarhlutdeild heimilismanna. Greitt er að hámarki 50% af afskrifaðri kostnaðarhlutdeild heimilismanns. Leggja þarf fram viðeigandi gögn þessu til staðfestingar.

Umsókn úr kostnaðarútlagasjóði, liðir B og C: Fylla þarf út sérstakt umsóknareyðublað útgefið af SÍ. Á innkaupareikningi frá þriðja aðila, skal koma fram auðkenni (upphafsstafir og síðustu 4 stafir kennitölu) sem rekja má til þess einstaklings sem umsóknin er vegna. Jafnframt skal fylgja greiðslustaðfesting. Hvoru tveggja skal fylgja umsókn.

Umsókn tekur til undanfarandi árs (almanaksárs) og þarf að berast SÍ í síðasta lagi 15. janúar.

Umsókn úr kostnaðarútlagasjóði, liður D: Fylla þarf út sérstakt umsóknareyðublað útgefið af SÍ. Umsókninni þurfa að fylgja viðeigandi gögn um árangurslausar innheimtuaðgerðir.

Umsókn þarf að berast SÍ í síðasta lagi 15. janúar.